

Málsúrslit verða því þau, að viðurkennt er að hækkun framangreinds leigugjalds sé heimil, og ber stefnda að greiða stefnanda kr. 360.00 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1955, en vaxta-kröfunni breytti stefnandi í það horf við munnlegan flutning málsins. Eins og á stendur, þykir þó málskostnaður eiga að falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Viðurkennt er, að framangreind hækkun á leigugjaldi er heimil.

Stefndi, Sigurður Einarsson, greiði stefnanda, bæjarstjórn-  
anum á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 360.00,  
auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1955 til greiðsludags. Máls-  
kostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1958.

Nr. 136/1955. **Ingibergur Jens Guðjónsson**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Keflavíkurkaupstað**

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1955. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 81.069.00 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur

ný vottorð lækna um heilsufar áfrýjanda. Hafa þau vottorð verið borin undir Þórarín Sveinsson lækni, sem telur, að þau veiti ekki efni til breytinga á álitserð.

Ökumaður G 106 ók hinni stóru áætlunarbifreið of hratt og án þess að gefa hljóðmerki, er hann nálgast bugðuna við hraunhól þann, sem í málinu greinir, en þar var skafli og hálka á veginum. Á hinn bóginn skorti og nokkuð á, að áfrýjandi stillti hraða bifreiðar sinnar í hóf, miðað við aðstæður, og ekki gaf hann heldur hljóðmerki. Þykir eftir atvikum rétt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans að  $\frac{3}{4}$  hlutum, en  $\frac{1}{4}$  hluta þess beri hann sjálfur.

Atvinnutjón áfrýjanda er hæfilega metið í héraðsdómi. Tjón hans vegna þjánainga og lýta ber að ákveða kr. 8.000.00. Þriðji kröfuliður, 200 króna bilkostnaður, er viðurkenndur og verður því tekinn til greina. Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina kr. 869.00 af fjórða kröfulið. Fjárhæðir þessar nema samanlagt kr. 21.069.00, og ber stefnda að greiða áfrýjanda  $\frac{3}{4}$  hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 15.801.75, að frádregnum  $\frac{1}{4}$  hluta af þeim kr. 5.545.00, sem í héraðsdómi getur, eða kr. 14.415.50 með vöxtum, eins og krafizt er. Þá verður stefnda og dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði áfrýjanda, Ingibergi Jens Guðjónssyni, kr. 14.415.50 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Ingibergur Jens Guðjónsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1953, gegn Keflavíkurkaupstað til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 81.200.00 með 6% ársvöxt-

um frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, verið stefnt til rættargæzlu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur í greinargerð krafizt verulegrar lækkunar á stefnukröfunni og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Við munnlegan flutning krafðist hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfunni í kr. 5.197.00 án vaxta og málskostnaður yrði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. janúar 1948 ók stefnandi bifreiðinni R 683, sem er fólksflutningabifreið, frá Reykjavík áleiðis til Keflavíkurflugvallar. Skýrir stefnandi svo frá, að er hann kom á móts við Höfða á Vatnsleysuströnd, um kl. 14,45, hafi hann ekið með um 35 km hraða miðað við klst. Þannig hagar til þarna, að sjávar megin við veginn er hraunhóll, og beygir vegurinn fyrir hól þennan. Utan í hólnum og yfir veginn lá snjóskafli, og voru hjólför í snjónum. Kveðst stefnandi hafa ekið þarna á vinstri vegarbrún og hemlað, er hann sá bugðuna. Hann hafi séð bifreiðina G 106 koma á móti sér, er hann var rétt kominn að skaflinum og þá hemlað enn betur. En er R 683 hafi um það bil verið að stöðvast, hafi G 106 rekizt framan á hana og kastað henni aftur á bak.

Stjórnandi G 106 hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hann ekið bifreiðinni G 106 frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur, en bifreið þessi, sem er stór fólks- og vöruflutningabifreið, er eign stefnda. Er hann hafi komið að bugðunni hjá nefndum hól, hafi hann ekið út í skaflinn eftir hjólförunum, sem þar voru fyrir. Hann hafi verið kominn út í miðjan skaflinn, er hann sá til ferða R 683. Kveðst hann þá hafa ekið með 20—30 km hraða, miðað við klst. og hemlað þegar í stað, en þar sem vegurinn hafi verið mjög háll, hafi bifreiðin runnið áfram, enda þótt snjókeðjur væru á afturhjólum, og bifreiðarnar rekizt á. Stjórnandi G 106 telur, að hraði R 683 hafi verið mun meiri en stefnandi hefur talið og R 683 hafi ekki hrokkið nema þrjá til fjóra metra aftur á bak við áreksturinn. Farþegi, sem var í bifreiðinni 683 og sat við hlið ökumanns, hefur skýrt svo frá, að er bifreiðin kom að nefndum hól, hafi henni verið ekið með á að gizka 40 km hraða, miðað við klst. Er ökumaðurinn hafi séð skaflinn og bugðuna, hafi hann dregið úr hraðanum. Kveðst

maður þessi í því hafa séð G 106 koma í ljós á móti þeim. Ökumaður R 683 hafi þá skipt í annað ganghraðastig og dregið enn úr hraðanum, en þá hafi bifreiðarnar skolið saman. Maður þessi hefur gizkað á, að ekki hafi verið meira en 25—30 m milli bifreiðanna, er G 106 kom fyrst í ljós. Þá telur hann, að R 683 muni hafa runnið 4—6 metra aftur á bak við áreksturinn og 3 til 4 metra bil hafi verið milli bifreiðanna, er þær staðnæmdust.

Nokkru eftir áreksturinn kom lögreglan í Hafnarfirði á vettvang. Hafði G 106 þá verið flutt á brott. R 683 var hins vegar enn á vettvangi, en hafði þó verið flutt til, svo að hún hindraði eigi umferð. Í skýrslu lögreglunnar er staðháttum svo lýst: Á hægri hönd, þegar farið er til Keflavíkur, er hraunhóll fast við veginn. Hann er nokkuð hár og nú hefur snjór fokið í skafl af hólnum og þvert yfir veginn. Skaflinn er þó ekki þykkri en um eitt fet. Vegna skaflsins verður vegurinn mjórri en annars, en hann er 6 metra breiður. Gegnum skaflinn eru traðir tvær og geiri af skaflinum eftir, sem verður milli hjóla bifreiðanna, sem um veginn fara. Geirinn er 20 metra langur. Við eystri sporð geirans er vegurinn 4,80 metra breiður. Í skaflinum 4,10 metra. Áreksturinn hefur orðið við eystri sporð geirans. Það sást af ýmsum brotnum hlutum, sem lágu þar á veginum. R 683 hefur runnið aftur á bak, minnst 4 til 6 metra við áreksturinn.“

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stjórnandi G 106 eigi alla sök á slysinu og beri stefnda því að greiða honum bætur fyrir það tjón, er hann hafi orðið fyrir.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að ökumaður R 683 eigi alla sök á árekstrinum. Hann hafi ekið óhæfilega hratt í bugðunni og auk þess haft fulla ástæðu til þess að nema staðar, áður en hann ók út í skaflinn, en þar hafi verið nægilegt rúm, til að bifreiðarnar gætu ekið hvor fram hjá annari. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi sé meðvaldur að árekstrinum með ógætilegum akstri og eigi a.m.k.  $\frac{1}{3}$  hluta sakarinnar.

Þegar virt eru gögn þau, sem að framan eru rakin, bendir margt til þess, að hraði bifreiðanna, annarrar hvorrar eða beggja, hafi verið nokkru meiri en ökumenn þeirra telja. Í 5. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 segir m. a., að þar sem ökumaður sjái stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vega- og gatnamót og þar sem vegurinn sé sleipur, megi ekki aka hraðer en svo, að bifreiðarnar megi stöðva þegar í stað. Við áreksturinn kastaðist R 683 allangan spöl aftur á bak, en ökumaður G 106 hefur viðurkennt að hafa ekki getað stöðvað bifreiðina

áður en áreksturinn varð, enda þótt töluvert bil væri á milli bifreiðanna, þegar hann sá til ferða R 683. Af þessu þykir mega ráða, að ökumaður G 106 hafi ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð, auk þess sem hann gaf ekki hljóðmerki, sbr. 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaganna. Með vísan til þessa verður að telja hann eiga meginhluta sakar.

Ökumaður R 683 hefur einnig brotið gegn ákvæðum 5. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna, þar sem ljóst er, að hann hefur ekið það hratt, að hann gat ekki stöðvað bifreið sína þegar í stað. Verður hann því einnig talin eiga nokkra sök á hvernig fór.

Samkvæmt þessu og því öðru, sem hér að framan er rakið, þykir ökumaður G 106 eiga  $\frac{2}{3}$  hluta sakar, en ökumaður R 683  $\frac{1}{3}$  hluta. Ber stefnda Keflavíkurhreppi því að bæta stefnanda  $\frac{2}{3}$  hluta þess tjóns, sem hann hefur beðið við áreksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

- |                                 |               |
|---------------------------------|---------------|
| 1. Örorku og atvinnutjón .....  | kr. 60.000.00 |
| 2. Þjáninga- og lýtabætur ..... | — 20.000.00   |
| 3. Bilkostnaður .....           | — 200.00      |
| 4. Læknisvottorð o. fl. ....    | — 1.000.00    |

Samtals kr. 81.200.00

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð dómkröfunnar í kr. 81.069.00, en hélt fast við kröfur sínar um vexti og málskostnað.

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. Stefnandi var fluttur í bifreið af slysstaðnum í Landspítalann, þar sem gert var að sárum hans, en síðan var hann fluttur heim. Í vottorði læknis þess, sem gerði að sárum hans í Landspítalanum, segir svo: „Við athugun hér sýndi það sig, að hann hafði fengið léttan heilahristing, 3ja cm langt sár á enni og  $1\frac{1}{2}$  cm langan skurð á nefrót, blæddi allmikið úr sár-unum og voru þau saumuð saman ....“ Vottorð þetta er dagsett 12. janúar 1948.

Í vottorði Þórarins Sveinssonar læknis, dagsettu 3. okt. 1952, er sjúkrasaga stefnanda rakin og örorka vegna slyssins metin. Segir svo orðrétt í vottorði læknisins: „Slasaði lá rúmfastur um 3 vikna skeið heima hjá sér. Fór upp úr því að stjaka um. Eftir rúma 2 mánuði fór hann að byrja að vinna við akstur. Hann segist hafa haft mjög slæman höfuðverk eftir slysið við meiri háttar áreynslu og finnur hann til þess ennþá.

Slasaði hefur leitað sérfræðings í taugasjúkdómum vegna þessa sjúkleika síns. Samkvæmt vottorði Kristjáns Þorvarðar-

sonar lækni, dagsettu 13/3 1952, hefur slasaði verið til rannsóknar hjá honum 4/3—13/3 '52 og þá vegna svima, höfuðþyngsla og flökurleika. Álitsgerð læknisins: „... taugaskoðun (nú) er eðlileg, nema eymsli eru við snertingu og bank á höfuðið h. megin. Rtg. af höfði eðlil. Augnsk.: eðlileg. Diagnosis: Post-traumatískt syndrom (afleiðingar af slysi).“

Slasaði telur sig ennþá ekki jafngóðan eftir slysið, þó aðallega vegna höfuðþyngsla og úthaldsleysis við akstur og áreynslustörf. Þó segist hann hafa s.l. sumar unnið við trillubát og gengið sæmilega.

Skoðun: Maður í meðalholdum. Greinir eðlilega frá atburðum. Við athugun á höfði sést örlítið votta fyrir öri í andliti á miðju enni, ca. 1,2 cm. á lengd, og er 4 mm. ör rétt við nefrótina. Sjón er talin góð, að því er hann sjálfur segir eftir Kristjáni Sveinssyni augnlækni. Heyrnin er eðlileg. Reflexar í andliti einnig eðlilegar.

Við athugun á bol var ekkert sjúklegt að finna. Hjartahljóð voru eðlileg og blóðþrýstingurinn mældist 125/75. Útlímur voru eðlilegir, en reflexar voru mjög líflegir.

Ályktun: Um er að ræða höfuðáverka, sem er afleiðing bílslyss. Útlit er fyrir, að slasaði hafi fengið nokkurn heilahristing, er síðan hafi valdið höfuðverk (í köstum) og slappleika. Taugaslen hefur síðan orðið fylgifiskur þess sjúkleika.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 1 mánuð fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 — þar á eftir	..... 75%	—
— 1 — — - —	..... 40%	—
— 1 — — - —	..... 20%	—
— 1 — — - —	..... 15%	—
— 1 — — - —	..... 10%	—

Úr því 8% örorka um ca. 3ja ára tímabil“.

Í vottorði sama læknis, dagsettu 9. september 1954, segir svo orðrétt m. a.: „Slasaði skýrir mér svo frá, að hann hafi ennþá periodísk höfuðverkjarköst og telur sig úthaldslausan til áreynslustarfa. Vegna þess að mér fannst nauðsynlegt að fyrir lægi um-sögn taugasérfræðings um slasaða, sendi ég hann til Kjartans Guðmundssonar læknis til rannsóknar. Samkvæmt vottorði hans, dagsettu 2. september 1954, telur hann, að engin einkenni finnast hjá slasaða, er bendi á, að marið blóð (subduralt hæmatom) eða heilaskemmdir séu á eða í heila, heldur bendi ástand slasaða til þess, að um taugaslensbreytingar sé að ræða.

Þar sem ekki kom í ljós af vottorði Kjartans læknis, hvort at-

hugun hefði farið fram á augunum, sendi ég hann til Guðmundar Björnssonar augnlæknis, sbr. vottorð hans, dagsett 13. september 1954. Samkvæmt því er aðhæfni augnanna (convergens insufficiens) nokkuð áfátt, af hvaða rótum sem það er runnið.

Slasaði segist á undanförnum árum hafa stundað akstur. Segist hann þreytast, ef hann reyni mikið á sig og kemur þá strax fram höfuðþraut og vanlíðan, sem hann segir, að dragi mjög úr þreki sínu. Enn fremur segist hann stöku sinnum hafa unnið erfiðisvinnu og telur sig vera mjög úthaldslausan til slíkra starfa.

Skoðun: Ég get í fáum orðum sagt, að við almenna skoðun fannst ekkert athugavert við manninn, nema að reflexar voru yfirleitt líflegir (+ +). Blóðþrýstingurinn mældist 120/80 og voru hjartahljóð eðlileg og regluleg.

Aðeins vottar fyrir örum á enninu, en það þarf aðgætni til að taka eftir þeim. Hann segir, að þau verði mjög greinileg í kulda og má það rétt vera.

Ályktun: Ég hefi litlu við álit mitt, sem fram kemur í vottorði mínu, dagsettu 3. október 1952, að bæta. Allar líkur benda til þess, að núverandi höfuðþreyta og uppgjafartilfinning eigi rót sína að rekja til vanhæfni innvöðva augnanna (mm. recti oculi medialis). Ég hefi leitað álights hr. augnlæknis Guðm. Björnssonar varðandi þetta atriði, og telur hann, að þetta sé vel þekkt fyrirbæri. Að hinu leytinu er ekki unnt að útiloka, að við kúpubrot gæti fram komið blæðing í vöðvana eða við þá, er síðan yllu vangetu þeirra til fullkomins starfs. Engar upplýsingar liggja fyrir um „glóðaraugu“ eða blæðingar í augntóftir og ekki hafa komið fram sprungur í kúpubroti við myndatökur af höfði. Ég tel því, að fyrrnefnt mat mitt varðandi slysið muni vera nálægt réttu.

Sé aftur á móti lagður sá dómur á málið, að vanhæfni augnanna sé orsökun af slysinu, má ætla, að 5% varanleg örorka sé hæfilegt mat“.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út áætlað vinnutekjutjón stefnanda vegna slyssins. Samkvæmt skýrslu hans, sem er dagsett 23. desember 1954, er stefnandi talinn fæddur 13. september 1925, og var hann þá 22 ára að aldri, er slysið varð. Við útreikning sinn hafði tryggingafræðingurinn afrit af skattframtölum stefnanda fyrir tekjur árána 1946 og 1947, og hefur hann byggt tekjuáætlunina eingöngu á þeim tekjum. Í skýrslu tryggingafræðingsins segir síðan orðrétt á þessa leið: „Árið 1946 hafa hrein- ar vinnutekjur verið kr. 1100.00, tekjur af atvinnurekstri (vöru- bifreið) kr. 29.666.30, sem er að sjálfsögðu aðallega vinnutekjur.

Þó tel ég rétt að draga frá 4% vexti af framtöldu verði bifreiðarinnar eða kr. 628.00. Teljast þá vinnutekjur ársins 1946 kr. 30.138.30. Árið 1947 eru tekjur af vinnu með bifreiðina taldar kr. 3.435.00 og er það fyrir rúma tvo mánuði. Frá því tel ég rétt að draga vexti af bifreiðinni fyrir þann tíma. Verð hennar reikna ég eins og fyrra árið að frádreginni afskrift eða kr. 13.000.00. Vextir verða þá 87 kr. Skattstofan hefur bætt kr. 4.269.00 við framtaldar vinnutekjur fyrir þetta ár. Ingibergur mun hafa unnið sjálfur að viðgerð á bifreið sinni, en taldi ekki fram neinar tekjur af því. Ég held þess vegna sé rétt að telja vinnutekjurnar, eins og Skattstofan hefur gert, eða kr. 24.511.00“. Síðan umreiknar tryggingarfræðingurinn kaup þetta í grunnkaup og tekur meðaltal. Verður útkoman þá kr. 27.114.00 í árskaup. Út frá útreikningi þessum og framangreindu örorkumati gerir hann síðan áætlun um vinnutekjutjón stefnanda, og reiknast honum verðmæti þess á slysdegi kr. 12.018.00 fyrir tímabilið 4/1 1948—3/7 1951, en kr. 30.598.00 eftir 3/7 1951. Þá bætir hann 4% ársvöxtum við fjárhæðir þessar frá slysdegi til 1. janúar 1955 og eru það af fyrri fjárhæðinni kr. 3.797.00, en kr. 9.667.00 af þeirri síðari.

Grundvöllur þessa útreiknings er 4% vextir p. a., dánarlíkur íslenskra karla eftir reynslu árána 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Bendir hann á, að meðaltekjur stefnanda árin 1945, 1946 og 1947, þ. e. síðustu 3 árin fyrir slysið, hafi numið kr. 18.933.33, en árið 1950 séu meðaltekjur hans orðnar hærri eða kr. 19.630.00. Mótmælir hann því, að stefnandi hafi beðið varanlegt heilsutjón, en telur hins vegar hæfilegt, að kröfuliður þessi verði tekinn til greina með kr. 5.000.00.

Þegar virt eru framangeind læknisvottorð, verður eigi talið, að líkur séu fyrir því, að hinn þráláti höfuðverkur, vanlíðan og úthaldsleysi, sem stefnandi kveðst þjást af, ef hann reyni á sig, séu afleiðingar þeirra meiðsla, er hann hlaut við slysið, að unnt sé að gera ráð fyrir varanlegri örorku. Verður því eingöngu eldra örorkumatið lagt til grundvallar.

Með skírskotun til þessa svo og annars þess, sem að framan er rakið, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 12.000.00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum, en við munn-

legan flutning taldi hann hæfilegar bætur til stefnanda samkvæmt honum kr. 4.500.00. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og afleiðingum þeirra, en hvorutveggja hefur verið lýst allnákvæmlega hér að framan, þykja bætur til stefnanda fyrir þjáningar, óþægindi og lýti hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Um 3.

Við munnlegan flutning viðurkenndi stefndi lið þennan, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 4.

Stefndi hefur viðurkennt kr. 869.00 af þessum kröfulið, en stefnandi hefur eigi fært rök að hærri fjárhæð. Verður kröfuliður þessi því einungis tekinn til greina að því leyti.

Samanlagðar fjárhæðir, sem dæmdar verða samkvæmt þessum fjórum liðum, verða þá kr. 18.069.00, sem stefnda ber að bæta að  $\frac{2}{3}$  hlutum, eða kr. 12.046.00.

Stefndi hefur krafizt þess, að til frádráttar þeim fjárhæðum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar í máli þessu, komi til skuldajafnaðar kostnaðurinn við viðgerð á skemmdum, er orðið hafi á bifreið hans, G 106, í margnefndum árekstri. Nemi kostnaður þessi kr. 5.545.00, og er hann sundurliðaður þannig:

1. Bretti .....	kr. 1.445.00
2. Grind við bretti .....	— 675.00
3. Vatnskassi .....	— 1.440.00
4. 2 luktir og umb. ....	— 750.00
5. Húdd .....	— 735.00
6. Vinna 2 manna í 2 daga	— 500.00

Samtals kr. 5.545.00

Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að kostnaður þessi komi til frádráttar að  $\frac{1}{3}$  hluta.

Eigi hefur stefnandi andmælt fjárhæð gagnkröfunnar, og verður hún því tekin til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.046.00, að frádregnum  $\frac{1}{3}$  af kr. 5.545.00 (kr. 1.848.33) eða samtals kr. 10.197.67 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

## Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði stefnanda, Ingibergi Jens Guðjónssyni, kr. 10.197.67 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1958.

Nr. 39/1958. **Kvenfélagið Hringurinn**

gegn

**Kristni Magnússyni,  
Maríu Magnúsdóttur,  
Sigríði Kristinsdóttur,  
Margréti Kristinsdóttur,  
Magnúsi Sverrissyni,  
Gunnari Sverrissyni**

og

**Birni Gunnlaugssyni.**

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og  
Ólafur Jóhannesson.

Vitnaskylda læknis. Kærumál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Borgarfógetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. marz 1958, sem barst hingað 18. s. m. Krefst hann, að þess verði synjað, að Björn Gunnlaugsson læknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt á dskj. 21 og að hann beri að öðru leyti vitni í málinu. Hann krefst og, að varnaraðiljunum Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur verði dæmt að greiða honum kostnað af kærumálinu eftir mati dómsins.